



Nútímaleg og eftirsótt – Trésmiðja Suðurlands

Texti: Auður I. Ottesen. Myndir: Páll Pétursson. Teikningar: EON-arkitektar

Rífasti uppgangur er hjá Trésmiðju Suðurlands, en þar starfa 35 manns sem skila af sér um 40 húsum á hverju ári. Trésmiðjan býður upp á þrjár gerðir heilsárshúsa - hefðbundin sumarhús, finnsk bjálkahús og hönnunarhús, en þau síðastnefndu njóta mikilla vinsælda að sögn Kjartans Inga Kjartanssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins.

Eftirspurn eftir íslenskri hönnun

Kjartan segir mestan vaxtarbrodd vera í byggingu heilsárshúsa sem falla að ís-

lenskri náttúru og hönnuð af íslenskum arkitektum. Húsin eru með einhalla þök, mikilli lofthæð og stórum gluggum. „Ég fæ flestar fyrirspurnir um þessa húsgerð, mest frá fólki á aldrinum 30-50 ára.

Þjónusta Trésmiðju Suðurlands er fjölþætt, sem dæmi að veita viðskiptavinum heildarlausnir og allt frá því að skila húsi fokheldu yfir í fullbúin hús. Við bjóðum vönduð hús með nútímalegu yfirbragði hönnuð af arkitektunum Gunnari Bergmann og Hléðísi Sveinsdóttur hjá Eon arkitektum og hafa þau fallið vel að smekk þessa hóps.“

Glæsileg hús í fjölskylduvænu umhverfi Húsafells

Trésmiðja Suðurlands byggir fyrir viðskiptavinum sína heilsárshús í skógivöxnu landi í Húsafelli. Valið stendur um tvær húsgerðir sem skilast fullbúnar án gólfefna. „Húsin eru á nýskipulögðu svæði í hjarta Húsafells. Þar bjóðum við tvær gerðir hönnunarhúsa sem falla vel að náttúrunni. Húsin eru 96 eða 120 fm að stærð og eru bæði með mikilli lofthæð og stórum gluggum sem gefa góða birtu.





Einstök hús í Tjarnabyggð

Milli Stokkseyrar og Selfoss rís búgarðabyggð þar sem leyfilegt er að vera með skepnuhald og stunda atvinnustarfsemi. Svæðið er nefnt Tjarnabyggð og er spennandi kostur fyrir þá sem vilja sinna atvinnurekstri eða sinna hestunum sínum nærri heimili. „Þarna erum við með til sölu ein af okkar fallegustu húsum, 190 fermetra hús, fullbúin tækjum frá virtum framleiðendum og plasmajónvarp í öllum herbergjum. Einnig er útsýnishús með koníaksstofu á annarri hæð með 70 fm svölum. Hverju húsi fylgir tæpra tveggja hektara lóð og við reisum hesthús á lóðinni og reidskemma ef þess er óskað.“

Áður en Kjartan er kvaddur mælti hann sér mót við greinahöfund í Vadnesi þar sem risið er hús eftir teikningu Gunnars og Hléðisar. Þá bendir hann á ýmsa aðra valkosti en hin nútímalegu hús. „Við bjóðum viðskiptavinum okkar einnig upp á smíði hefðbundinna heilsárs og sumarhúsa og einnig erum við með til sölu bjálkahús frá finnska fyrirtækinu Honka.“ Þeir sem eru í byggingarhugleiðingum ættu að skoða þá valkosti sem Trésmiðja Suðurlands hefur upp á að bjóða.

Frekari upplýsingar eru á heimasíðu Trésmiðju Suðurlands, www.tshus.is. Hægt er að senda fyrirspurnir til Kjartans á tölvufangið kjartan@tshus.is.

